

Nd.

403. Frumvarp

til laga um sölu á spildu úr prestssetursjörðinni Kálfholti.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson og Einar Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafi lækni Ísleifssyni á Þjórsártúni spildu þá úr prestssetursjörðinni Kálfholti í Rangárvallasýslu, er hann hefir á erfðafestu.

2. gr.

Um mat á landspildunni og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Greinargerð.

Aðalástæðan fyrir frv. þessu er, að Ólafur Ísleifsson hefir í hyggju að koma á hjá sjer rafveitu til hita og suðu. Verkið er alldýrt, og þarf hann því að fá lán til verksins út á rafveituna ásamt húseignum sínum, en honum hefir reynst það ómögulegt með núverandi erfðafestuskilyrðum. Þar sem nefndur

Ólafur læknir Ísleifsson hefir sýnt sjerstakan dugnað i ræktun óræktarmóa á þessari landspildu, virðist sanngjarni að verða við þessari umsókn hans. Þess skal getið, að sóknarpresturinn í Kálsholtsprestakalli hefir lagt með umsókninni.